Framhaldsskólinn
á Húsavík

Ársskýrsla 2025



Halldór Jón Gíslason
skólameistari

Ársskýrsla Framhaldsskólans á Húsavík 2025

1. Kafli. Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun stofnunar, stöðu árangursmælikvarða.

Hér á eftir er yfirlit yfir markmið og mælikvarða stofnunarinnar fyrir árið 2025. A markmið snúa að kjarnastarfsemi stofnunarinnar. Markmið A1 fjallar um brottfall. A2 fjallar um forvarnir. A3 fjallar um forvarnir gegn ofbeldi og einelti. B markmið snúa að almennum rekstri. B1 fjallar um grænt bókhald. C markmið eru samræmd milli stofnana. C1 fjallar um góða þjónustu. C2 fjallar um öflugan mannauð. C3 fjallar um sjálfbæran rekstur.

Mælikvarðar fyrir markmið A1 er þrískipt (brottfall).
AM1.1 tölur um brottfall nemenda. Markmið ársins 2025 var 3,8% og niðurstaða var **1,9%.**
Mælikvarði AM1.2 er hlutfall nemenda með sértækan stuðning. Markmið ársins 2025 var 13% en raunstaðan fyrir árið 2025 var **38%.**
Mælikvarði fyrir markmið AM1.3 er námslok nýnema á fjórum árum. Markmið ársins 2025 var 60%. Raunstaðan árið 2025 var **76%.**

Mælikvarðar fyrir markmið A2 er tvískipt (forvarnir).
Markmið AM2.1 meðaleinkunn nemenda fyrir árið 2025 var 7,6 og var raun niðurstaða **7,5** árið 2025.
Mælikvarði AM2.2 hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku var 85%, og var raunstaðan **50%** fyrir árið 2025.

Mælikvarðar fyrir markmið A3 er tvískipt (forvarnir gegn ofbeldi og einelti)
Markmið AM3.1 hlutfall þeirra sem hafa upplifað einelti eða ofbeldi innan skólans var 0% fyrir árið 2025 og raun niðurstaða var **0%** fyrir árið 2025.
Markmið AM3.2 hlutfall yfirfarinna stefnu og skjala árlega var 100% og var raun niðurstaða **100%** fyrir árið 2025.

Mælikvarðar fyrir B hluta almenns rekstur var eitt og var þrískipt (grænt bókhald).
Markmið BM3.1 Bætt losun CO2 fyrir árið 2025 var 11.000 tonn. Raun staða var **10.783 tonn** fyrir árið 2025.

Markmið BM3.2 Orkunýting (heildar notkun rafmagns) var fyrir árið 2025 450 CO2. Raun niðurstaða ársins 2025 var **360 CO2**.
Markmið BM3.3 Sorp (meðaltals losun almenns og lífræns sorps) var fyrir árið 2025 500 KG. Raun niðurstaða ársins 2025 var **650 KG.**

Mælikvarðar fyrir C hluta samræmdra markmiða var þrískipt
Mælikvarðar fyrir C1 var tvískipt (góð þjónusta)
Markmið CM1.1 ánægja viðskiptavina var fyrir árið 2025 var 4,35 af 5 mögulegum. **Raun niðurstaða liggur ekki fyrir fyrir árið 2025.**
Markmmið CM1.2 stafræn skref var fyrir árið 2025 ekki hafið. **Raun niðurstaða liggur ekki fyrir fyrir árið 2025.**
Mælikvarðar fyrir C2 var þrískipt (öflugur mannauður).
Markmið CM2.1 starfsánægja var fyrir árið 2025 4,55 af 5 mögulegum. Raun niðurstaða var árið 2025 **4,82**.
Markmið CM2.2 stafræn færni var fyrir árið 2025 ekki hafið. **Var ekki hafið fyrir árið 2025**.
Markmið CM2.3 jafnrétti var fyrir árið 2025 4,75 af 5 mögulegum. Raun niðurstaða var **4,71** fyrir árið 2025.
Mælikvarðar fyrir C3 var eitt (sjálfbær rekstur)
Markmið CM3.1 sjálfbær rekstur fyrir árið 2025 var 281,30 m.kr. Raun niðurstaða fyrir árið 2025 var **317,31 m.kr..**

2. Kafli. Framvindu og ávinningi af áhersluverkefnum.

Á undanförnum árum hefur verið lögð mikil áhersla á það að efla fjarnám. Þannig viljum við fjölga nemendum og ná aukinni skilvirkni í nýtingu áfanga. Við höfum fengið til okkar fyrirlesara til þess að halda fræðsluerindi fyrir kennara, sent starfsfólk erlendis á ráðstefnur auk þess að efla tækjakost og þekkingu til þess að auðvelda utanumhald. Fjarnemum hefur fjölgað við skólann undanfarin ár þannig að ávinningur hefur hlotist af því verkefni. Við viljum halda áfram að efla þennan hluta skólastarfsins, auka gæði fjarnámsins og halda áfram stuðningi við starfsþróun kennara til þess að efla þá á þeirri vegferð.

Við höfum lagt aukna áherslu á hlut Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í skólastarfi. Við skipuðum starfsþróunarteymi árið 2025 sem hefur það að markmiði að auka sýnileika markmiðanna, koma á viðburðum tengdum þeim og setja fram hugmyndir fyrir kennara um hvernig innleiða má markmiðin í alla áfanga skólans. Við lok árs 2025 voru heimsmarkmiðin orðin sýnilegur hluti skólastarfsins, þau voru kynnt á upplýsingaskjám og á göngum skólans auk þess sem undirbúningur fyrir lýðræðisviku og þátttöku í sjálfbærniverkefnum var hafinn.

Grunnvinna var hafin við undirbúning gagnabanka fyrir kennara með hugmyndum að verkefnum og hvernig tengja má heimsmarkmiðin inn í kennslu ólíkra áfanga.

Lögð hefur verið áhersla á að efla erlent samstarf undanfarin ár. Það höfum við gert með því að sækja námskeið hjá Rannís til tengslamyndunar, sækja fræðsluerindi varðandi styrkumsóknir fyrir erlend verkefni auk þess að leggja inn umsóknir. Fyrsta erlenda verkefnið okkar fékkst samþykkt árið 2024. Vegna fæðingarorlofs var verkefninu frestað fram á vorönn 2026. Á haustönn 2025 hófst þó undirbúningur fyrir verkefnið sem tengist vistkerfum og loftslagsvá. Nemendur fengu tækifæri til þess að sækja um þátttöku og var áhuginn langt umfram væntingar. Við vonumst til að þessi þáttur skólastarfsins eflist til muna á næstu árum með aukinni þekkingu og vilja kennara og nemenda til þátttöku í slíkum verkefnum.

Við höfum lagt áherslu á að endurvekja verkefnið heilsueflandi framhaldsskóli og auka vægi þess innan skólans. Við stofnuðum teymi utan um verkefnið og höfum verið að skilgreina mælikvarða auk þess að yfirfara skýrslur og gátlista. Við munum svo á næstu árum sjá aukinn kraft í þessu verkefni.

3. Kafli. Fjárhagslegri afkomu: Ársreikningi.

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Aðrar ríkistekjur	2	5.362.000	4.626.000
Tekjufærsla fjárveitinga	3	335.495.235	285.268.000
Sala á vöru og þjónustu	4	458.800	3.800
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	5	2.102.897	2.982.358
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	4.288.891	4.562.901
Tekjur samtals		347.707.823	297.443.059
Gjöld			
Tilfærslur	6	10.000	71.774
Laun og launatengd gjöld	7	229.951.591	206.513.796
Annar rekstrarkostnaður	8	95.276.830	87.000.714
Afskriftir og niðurfærslur	9	4.288.891	4.562.901
Gjöld samtals		329.527.312	298.149.185
Afkoma fyrir fjármagnsliði		18.180.511	(706.126)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		2.837	3.082
Fjármagnsgjöld		(176)	(1.869)
		2.661	1.213
Afkoma ársins		18.183.172	(704.913)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum	3		
Rekstur		18.193.172	(10.272.139)
Rekstrartilfærslur		(10.000)	9.567.226
		18.183.172	(704.913)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

4. kafli. Umfjöllun um kjarnastarfsemi og almennan rekstur stofnunar

Kjarnastarfsemi: Framhaldsskólinn á Húsavík er bóknámsskóli á framhaldsskólastigi sem starfar eftir áfangakerfi. Nemendur skólans ættu alla jafna að vera 110-120 talsins, með fjarnámsnemendum. Á vorönn 2025 voru ársnemendur 88,06 eftir töflubreytingar og eftir töflubreytingar á haustönn 2025 97,1. Skólinn býður upp á þrjár 201 einingar brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut (byggir á samþykktri braut nr. 15-85-3-6), náttúruvísindabraut (byggir á samþykktri braut nr. 15-86-3-6) og opna stúdentsbraut (byggir á samþykktri braut nr. 15-87-3-6). Heilsunuddbraut (byggir á samþykktri braut nr. 16-42-3-9) í samstarfi við Fjölbrautarskólann við Ármúla hefur verið starfrækt við skólann frá haustönn 2018. Verklegir áfangar hafa verið kenndir í Framhaldsskólanum á Húsavík frá haustönn 2019. Á

haustönn 2024 hóf skólinn að bjóða upp á nám á sjúkraliðabrú í samstarfi við HSN og VMA. Starfrækt er starfsbraut (samþykkt braut nr. 17-229-1-12) fyrir nemendur með fötlun við FSH. Sú braut er 240 einingar, en þó er hún skipulögð þannig að nemendur útskrifast eftir 4 ár óháð einingafjölda. Þá er starfrækt 90 eininga almenn braut sem áætlað er að taki nemendur 3-4 annir að ljúka. Almenn braut (byggir á samþykktri braut nr. 16-228-2-3) er hönnuð fyrir nemendur sem ekki hafa náð hæfniviðmiðum grunnskólans þegar í framhaldsskóla er komið. Allar brautir skólans byggja á brautum sem hafa verið samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Stöðugt er unnið að uppfærslu skólanámskrár á heimasíðu skólans til samræmis við kröfur aðalnámskrár. Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans www.fsh.is en vorið 2020 fór ný og aðgengilegri heimasíða í loftið. Með styttingu stúdentsnáms úr fjórum árum í þrjú fækkaði nemendum við skólann óhjákvæmilega, en lögð hefur verið mikil áhersla á að fjölga fjarnemum við skólann og er staðan svo að allir kennarar geta kennt fjarnámsáfanga. Þá hefur áhrif á nemendafjölda FSH hve margir eru í hverjum brautskráningarárgangi frá Borgarhólsskóla, sem er aðal upptökusvæði Framhaldsskólans á Húsavík. Stöðugt er unnið er að meira samstarfi milli FSH og Borgarhólsskóla, með það að markmiði að fleiri útskrifaðir nemendur úr 10. bekk hefji nám við FSH. Nemendur á grunnskólastigi sem náð hafa lokamarkmiðum grunnskóla í kjarnagreinum íslensku, ensku og stærðfræði geta hafið nám á framhaldsskólastigi við FSH. Það hefur verið styrkur að finna einlægan vilja kennara til að takast á við breytt kennsluform og aðlaga sig nýjum aðferðum í kennsluháttum. Það gefur aukna möguleika á að efla enn frekar fjarnám við Framhaldsskólann á Húsavík. Skólinn tekur virkan þátt í að ná markmiðum stjórnvalda varðandi nám á framhaldsskólastigi, með því að leggja áherslu á að nemendur nái að ljúka námi á tilskildum tíma. Í þessum tilgangi er m.a. boðið upp á undirbúningsnám á 1. hæfniþrepi í íslensku, ensku og stærðfræði, auk þess að bjóða upp á sérstaka stuðningsáfanga fyrir nemendur sem á brattann eiga að sækja í bóklegu námi auk sértæks stuðnings innan kennslustofu fyrir nemendur sem þess þurfa. Jafnframt er boðið upp á virka námsráðgjöf og aukatíma í áföngum eftir þörfum. Ekki er boðið upp á iðnnám við skólann, en hins vegar er skólinn í virku samstarfi við aðra skóla. Hann er aðili að Samlandi sem er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að efla námsframboð á landsbyggðinni og auka faglegt samstarf skólanna, t.d. með því að miðla námi og kennslu á milli Samlandsskólanna og halda reglulega fundi. Skólinn er sömuleiðis í samstarfi við framhaldsskólana á Norðausturlandi, SAMNOR, sem samanstendur af FL, MA, VMA, MTR og FSH. Framhaldsskólinn á Húsavík á í góðu samstarfi við Tónlistarskóla Húsavíkur. Allt nám við Tónlistaskóla Húsavíkur er metið til eininga í Framhaldsskólanum á Húsavík. Við höfum aukið framboð á valgreinum undanfarin ár og höfum þar lagt áherslu á afbrotafræði, rafíþróttir, forritun, fjármál og umhverfistengdar námsgreinar með umhverfisvernd í huga.

Almennur rekstur: Skólaárið 2024- 2025 voru 17 starfsmenn við FSH í 15,58 stöðugildum. Starfsmenn eru á aldrinum 28-69 ára, konur 28-69 ára en karlarnir á bilinu 36-66 ára. Þar af

eru 10 kennarar í 9,24 stöðugildum; 7 konur og 3 karlar. Allir kennarar við skólann nema einn hafa kennsluréttindi. Allir kennarar kenna þær námsgreinar sem þeir lærðu í háskóla. Flestir kennarar kenna fleiri en eina námsgrein, en þær hafa yfirleitt sterk tengsl við þá grein sem kennsluréttindin byggja á. Námsráðgjafi (46 ára kona) er í 40% starfi, forvarna- og félagsmálafulltrúi (43 ára kona) í 10% starfi og verkefnisstjóri heilsuráðs (43 ára kona) í 10% starfi. Skólameistari (69 ára kona) er í 100% starfi og aðstoðarskólameistari (37 ára karl) í 100% starfi. Skrifstofu- og fjármálastjóri (33 ára kona) er í 100% starfi, húsvörður og ræstitæknir (64 ára karl) í 100% . Hjúkrunarfræðingur (50 ára kona) starfar við skólann í 4 klst. á viku skv. samningi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands og kerfisfræðingur (43 ára karl) í 2 klst. á viku skv. samningi við Advania. Þær stefnur sem birtar eru á vef skólans eru: móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku, jafnréttisáætlun, jafnréttisstefna, jafnlaunastefna, umhverfisáætlun, viðbragðáætlun Almannavarna, rýmingaráætlun, heilsu- og forvarnarstefna og áfallaáætlun, áætlun vegna ófærðar og óveðurs, stefna gegn ofbeldi, einelti og ótilhlýðilegri háttsemi, persónuverndarstefna FSH, Covid-19, öryggi í skólum, heilbrigði á vinnustað, öryggis og vinnuverndarstefna FSH auk skólareglna. Aðstoðarskólameistari hefur auk þess unnið Starfsmannahandbók sem birtist á vefnum. Árið 2019 var gerð ytri úttekt á skólanum af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þegar hefur verið gripið til aðgerða til að bregðast við þeim úrbótatillögum sem fram komu í þeirri skýrslu sem skilað var í kjölfarið. Við skólann starfar tveggja manna nefnd um sjálfsmat eða innra mat og vinnur hún eftir áætlun sem uppfærð var á vorönn 2018 um leið og mannaskipti urðu í nefndinni. Á hverri önn eru lagðar fyrir tvær kannanir. Kennslu- og áfangakönnun er virk allar annir, en einnig er framkvæmd annars konar könnun, s.s. á viðhorfi foreldra til skólans, viðhorfi samfélagsins til skólans, viðhorfi útskrifaðra nemenda til skólans o.s.frv. Unnið er með tölfræði úr Innu á hverri önn og árlega skilar sjálfsmatsnefnd skýrslu um störf sín. Framhaldsskólinn á Húsavík tekur þátt í Stofnun ársins. Árið 2025 var skólinn í 6.sæti yfir stofnanir með færri en 39 starfsmenn og 6.sæti allra ríkisstofnana sem tóku þátt.

5. kafli. Tölulegar upplýsingar fyrir skólastarfið 2025

Haust 2025

1. Fjöldi nemenda

a) Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar: 149

b) Fjöldi nýnema: 51 (Þar af beint úr grunnskóla: 15 (15 beint úr Borgarhólsskóla af 31)

c) Fjöldi endurinnritaðra: 9

d) Fjöldi óvirkra útskriftarnema: 0

e) Ársnemendur eftir töflubreytingar: 96,1

f) Ársnemendur sem fara í próf: 92,6

g) Fjöldi P- og U-nemenda: P =0 U = 0

h) Fjöldi fjarnema: 59 (skráðar einingar: 642 staðnar einingar: 498)

i) Fjöldi nema í gegnum Fjarmenntaskólann = 0 (skráðar einingar: 0 staðnar einingar:0)

j) Fjöldi dreifnema: 0 (skráðar einingar: staðnar einingar:)

2. Skólasókn

a) Dreifing mætingar og meðaltal: Sjá Excel skjal

b) Fjöldi þeirra sem féllu á mætingu: 0 nemendum var vísað úr námi í heild vegna mætingar og 0 nemendum var vísað úr áföngum vegna mætingar .

c) Heildarfjöldi sem hættu á önninni: 0 (Fjarnemar)

d) Þar af brotthvarf 16 ára 1. árs nema: 0

e) Þar af brotthvarf fjarnema: 0

f) Þar af brottfall Fjarmenntaskólanema: 0

g) Fjöldi með frjálsa mætingu: 0 (þar af 0 útskriftarnemar)

h) Fjöldi nemenda með vottorð: 0

3. Brottfall

a) Fjöldi eininga, sem nemendur eru skráðir í eftir töflubreytingar: 2883

b) Fjöldi staðinna eininga: 2461

c) Mismunur liða a og b: 422

d) Fall og brottfall í prósentum: 14,6%

e) Fjöldi eininga 0: 5

f) Fjöldi eininga H: 46

g) Fjöldi eininga V: 0

h) Brottfall í prósentum: 0,17%

i) Brottfall ársnemenda: 3,67%

4. Einkunnir

a) Heildareinkunnadreifing: Sjá Excel skjal

b) Heildarfall (%): 10,8%

Einkunnir 1-4 og F: 9%

Einkunn H og 0 og V: 1,8%

c) Fallið greint eftir einstökum áföngum, sjá einkunnadreifingu í Innu

5. Nemendur eftir töflubreytingar flokkaðir eftir kyni og braut:

a) FB (félags- og hugvísindabraut – nýtt kerfi): 12

a. Konur: 10

b. Karlar: 2

b) NB (náttúruvísindabraut – nýtt kerfi): 20

a. Konur: 7

b. Karlar: 13

c) OB (opin stúdentsbraut – nýtt kerfi): 45

a. Konur: 20

b. Karlar: 25

d) AL (almenn námsbraut): 8

a. Konur: 2

b. Karlar: 6

e) ÓTN (ótilgreind námsbraut): 20

a. Konur: 10

b. Karlar: 10

f) NN (heilsunuddbraut): 15

a. Konur: 11

b. Karlar: 4

g) ST (starfsbraut): 13

a. Konur: 1

b. Karlar: 12

h) SS (viðbótarnám til stúdentsprófs): 1

a. Konur: 1

b. Karlar: 0

i) GD (grunnskóladeild): 0

a. Konur: 0

b. Karlar: 0

j) SJB (sjúkraliðabrú): 15

a. Konur:14

b. Karlar: 1

k) Konur af heildarfjölda nemenda: 76

l) Karlar af heildarfjölda nemenda: 73

Vorönn 2025

1. Fjöldi nemenda

a) Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar: 143

b) Fjöldi nýnema: 22 (Þar af beint úr grunnskóla: 0 (0 beint úr Borgarhólsskóla)

c) Fjöldi endurinnritaðra: 4

d) Fjöldi óvirkra útskriftarnema: 0

e) Ársnemendur eftir töflubreytingar: 88,06

f) Ársnemendur sem fara í próf: 88,93 (heilsunuddnemar sem útskrifast koma seint inn í áfanga vegna starfsnám, koma inn eftir þrjár vikur)

g) Fjöldi P- og U-nemenda: P = 0 U = 0

h) Fjöldi fjarnema: 56 (skráðar einingar: 680 staðnar einingar: 555)

i) Fjöldi nema í gegnum Fjarmenntaskólann = 0 (skráðar einingar: 0 staðnar einingar:0)

j) Fjöldi dreifnema: 13 (skráðar einingar: 272 staðnar einingar: 232)

2. Skólasókn

a) Dreifing mætingar og meðaltal: Sjá Excel skjal

b) Fjöldi þeirra sem féllu á mætingu: 0 nemendum var vísað úr námi í heild vegna mætingar og 0 nemendum var vísað úr áföngum vegna mætingar .

c) Heildarfjöldi sem hættu á önninni: (Fjarnemar)

d) Þar af brotthvarf 16 ára 1. árs nema:

e) Þar af brotthvarf fjarnema:

f) Þar af brottfall Fjarmenntaskólanema: 0

g) Fjöldi með frjálsa mætingu: 0 (þar af 0 útskriftarnemar)

h) Fjöldi nemenda með vottorð: 0

3. Brottfall

a) Fjöldi eininga, sem nemendur eru skráðir í eftir töflubreytingar: 2642

b) Fjöldi staðinna eininga: 2552

c) Mismunur liða a og b: 90

d) Fall og brottfall í prósentum: 3,4%

e) Fjöldi eininga 0: 15

f) Fjöldi eininga H: 45

g) Fjöldi eininga V: 0

h Brottfall í prósentum: 2,27%

i) Brottfall ársnemenda: 0,12%

4. Einkunnir

a) Heildareinkunnadreifing: Sjá Excel skjal

b) Heildarfall (%): 6,44

Einkunnir 1-4 og F: 4,6

Einkunn H og 0 og V: 1,84

c) Fallið greint eftir einstökum áföngum, sjá einkunnadreifingu í Innu

5. Nemendur eftir töflubreytingar flokkaðir eftir kyni og braut:

a) FB (félags- og hugvísindabraut – nýtt kerfi): 11

a. Konur: 8

b. Karlar: 3

b) NB (náttúruvísindabraut – nýtt kerfi): 24

a. Konur: 9

b. Karlar: 15

c) OB (opin stúdentsbraut – nýtt kerfi): 36

a. Konur: 15

b. Karlar: 21

d) AL (almenn námsbraut): 8

a. Konur: 3

b. Karlar: 5

e) ÓTN (ótilgreind námsbraut): 21

a. Konur: 13

b. Karlar: 8

f) NN (heilsunuddbraut): 19

a. Konur: 15

b. Karlar: 4

g) ST (starfsbraut): 9

a. Konur: 1

b. Karlar: 8

h) SS (viðbótarnám til stúdentsprófs): 1

a. Konur: 1

b. Karlar: 0

i) GD (grunnskóladeild):

a. Konur:

b. Karlar:

j) SJB (sjúkraliðabrú): 14

a. Konur:13

b. Karlar: 1

k) Konur af heildarfjölda nemenda: 78

l) Karlar af heildarfjölda nemenda: 65